

16.apríl 2020

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Dagný Kristinsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Helga Kristín Auðunsdóttir fulltrúi kennara (Skype), Njörður Sigurjónsson fulltrúi kennara (Skype), Jón Snorri Snorrason fulltrúi kennara (Skype), Erna Kaaber fulltrúi meistaranema (Skype), Hafdís Jóhannsdóttir fulltrúi grunnema, Leifur Finnbogason fulltrúi grunnema, Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi grunnema, Sigrún Lilja Einarsdóttir (fulltrúi kennara).

1. Fundargerð síðasta fundar

Frestað

2. COVID 19. Staðan og horfur í skólastarfinu

Skólastarfið sem slíkt gekk hnökralítið fyrir sig. Helsta breytingin var að vinnuhelgar voru fluttar á Teams. Almennt gekk það vel en ýmsir kennarar voru þó ekki tilbúnir til að nýta sér þá möguleika sem þetta form býður uppá.

Prófum var breytt þannig að engin staðarpróf voru tekin en heimapróf eða munnleg próf voru eingöngu notuð.

Lögfræðinemar frekar ósáttir við það hvernig spilaðist úr prófunum. Fulltrúar grunnema gerðu athugasemdir við það að hafa ekki fengið að koma fyrir að borðinu og koma sínum skoðunum að.

Rætt um þau tækifæri sem felast í nýju landslagi í háskólakennslu. Rætt um mikilvægi þess að skólinn haldi sínu forskoti í kennslu í fjarnámi.

3. Fjármál

HS kynnti stöðuna eftir 2 mánuði.

4. Undirbúningur aðalfunda. Tilnefningar í stjórn og fulltrúaráð

Gengið var frá tilnefningum í stjórn skólans, aðalmaður Auður H. Ingólfssdóttir og í varastjórn Signý Óskarsdóttir. Fulltrúaráð, Helga Kristín Auðunsdóttir og til vara Bjarni Heiðar Halldórsson.

5. staða umsókna um nám á sumarönn/haustönn

Umsóknartölur líta ágætlega út. Tölur fyrir sumarnámskeiðin ekki inni í þessu.

Sumarnámskeið stendur fleiri en okkar nemendum til boða. Nemendur geta hafið formlegt nám á sumarönn, bæði í grunnnámi og gátt. Er verði að skoða annað nám í sumar. Búið að auglýsa nám á sumarönn. Yfir páskahelgina kíktu 2800 manns inn á heimasíðuna og skoðuðu námið sem skólinn býður upp á.

6. Gæðamál

Yfirlesið eintak af stofnanaskýrslu er komið í hús. Við þurfum að lesa hana yfir og koma með athugasemdir. Peter þarf að lesa hana yfir. Styttist í að hægt verði að skila henni inn. Úttektin er síðustu vikuna í október

HJ – spyr út í svörun við nemendakönnun. Höfum ekki niðurstöður um hana eða þátttöku.

7. önnur mál

HJ- spyr um dagskrá næsta skólaárs. Prófavika á vorönn. Rætt um próftöku og það að próf eru sett dag eftir dag. Rætt um að fjölga prófdögum á komandi ári.

Fundi slitið kl. 15.22

Fundargerð ritaði Dagný Kristinsdóttir